



Alþingi  
Erindi nr. P 127/343  
komudagur 5.12.2001

Til Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 4. desember 2001.

**Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 229 mál, um Heyrnar- og talmeinstöð.**

Félagið Heyrnarhjálp er landsfélag heyrnarskertra, þeirra er þjást af eyrnasuði og öðrum vandamálum er snúa að heyrn. Innan félagsins starfa einnig aðstandendur, fagfólk og áhugamenn um málefni félagsins. Félagið hefur starfað yfir 60 ár. Heyrnarskerðing og önnur heyrnarmein eru vaxandi vandamál í nútíma þjóðfélagi. Það kallar á aukna þjónustu.

Félagið Heyrnarhjálp hefur verið umsagnaraðili um lagadrögin á fyrri stigum málsins og hefur sent skriflegar ábendingar og athugasemdir við þau drög sem áður hafa legið fyrir. Við leyfum okkur hér með að senda nefndinni umrædd gögn svo og málefnalista sem útbúinn var fyrir fund með heilbrigðisráðherra 15. nóvember s.l.

Það sem við óttumst við lestur frumvarpsins er að þarna verði til lög sem muni auka mjög álögur á heyrnarskerta einstaklinga, sem vel flestir eru lágtekjufólk og ellilífeyrisþegar. Á fundi með ráðherra 15. nóvember s.l. svaraði hann spurningu okkar um auknar álögur á þann veg að ekki væri ætlunin að auka álögur við lagabreytingarnar. Þetta viljum við fá tryggt í lögunum.

**Við leggjum áherslu á að þjónusta við fólk með heyrnarmein verði verulega bætt. Við förum fram á að þau lög sem fyrir liggja tryggja heyrnarskertum gott aðgengi og lögverndaðan rétt til niðurgreiðslna á þjónustu og hjálpartækjum til jafns við fólk með aðrar fatlanir. Sama gildir um fólk sem þjáist af öðrum heyrnar- og talmeinum.**

Við viljum gera athugasemdir við eftirtaldar greinar:

**37.a.3.** Um fagráð í stað stjórnar. Þessi breyting getur verið jákvæð, ef þess er ætíð gætt að breidd sé í þekkingu þeirra sem í fagráði sitja. Horfið er frá tilnefningum, sem áður voru. Það krefst ákveðinnar nákvæmni í lagatexta svo tryggt verði að fagráðið nái þekkingarlegri breidd, þar sitji fólk sem stuðli að betri þjónustu og styrki innra starf stofnunarinnar.

**37.a.4.** Við viljum sjá samræmi milli greina 37.a.4. og 37.a.9., þannig að fagráðið komi að gjaldskrá hjálpartækja eins og gert er ráð fyrir að það komi að gjaldskrá þeirrar þjónustu sem nefnd er í 37.a.9. Við teljum rétt að “fagráðið” komi að þessum liðum báðum. vegna þess að þeir, sem hafa sérþekkinguna og vinna við málaflokkinn og neytendur þjónustunnar vita best um hagi og þarfir hópsins.

Heyrnarskerðing er falin fötlun, sem í hæsta máta hefur mikil áhrif á atvinnumöguleika og lífsgæði. Hér vantar einnig tryggingu fyrir því, að samræmi verði milli gjaldtöku af heyrnarskertum og öðrum hópum fatlaðra.


**Grein 37.a.4. breytist í:** (undirstrikun er breyting/viðbót)


Ráðherra skal setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði hjálpartækja vegna heyrnar-og talmeina að höfðu samráði við Heyrnar-og talmeinaastöðina og fagrað hennar. Skal þátttaka ríkisins í hjálpartækjum frá stöðinni vera sambærileg við það sem gerist hjá öðrum stofnunum ríkisins sem útvega hjálpartæki til fatlaðra. (Sjá rök í meðsendum gögnum).


Félagið Heyrnarhjálp minnir á beiðni okkar um fund með heilbrigðis- og trygginganefnd, sem send var með tölvupósti 29. nóvember 2001, um leið og við væntum þess að nefndin kynni sér þau gögn sem við sendum og hafi áhrif á lagatextann svo réttur heyrnaskertra verði sambærilegur við rétt annarra fatlaðra til hjálpartækja og þjónustu.

Með vinsemd og virðingu,

**f.h. Félagsins Heyrnarhjalpar,**

  
Guðjón I. Stefánsson, formaður

  
Arni Sverrisson, gjaldkeri

  
Málfríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri.